

Yfirlýsing um trúnaðar- og þagnarskyldu

Hverjum starfsmanni Höfðaskóla er skylt að gæta algjörrar þagmælsku um einkamál nemenda og forráðamanna þeirra er hann fær vitneskju um í starfi. Sama gildir um vitnisburð nemenda og önnur trúnaðarmál skóla. Sá sem er bundinn þagnarskyldu má aldrei ræða persónubundin málefni einstaklinga við óviðkomandi, né gefa vitneskju um þá í skyn eða vitna til þeirra.

Ég undirrituð/undirritaður starfsmaður Höfðaskóla á Skagaströnd og notandi að rafrænu upplýsinga- og námskerfi sem notað er í Höfðaskóla, staðfesti hér með að mér er skylt að gæta þagmælsku um atriði sem ég fæ vitneskju um í starfi mínu og leynt skulu fara skv. lögum og fyrirmælum yfirmanna minna.

Þagnarskyldan nær til allrar vitneskju um skráða nemendur Höfðaskóla og forsjármenn þeirra er varða heilbrigði, sjúkdóma, meðferð, persónuleg málefni og aðrar persónulegar upplýsingar í rafrænu upplýsinga- og námskerfi grunnskólans.

Þá mun ég gæta þess að vanda til allrar skráningar í rafrænt upplýsinga- og námskerfi Höfðaskóla og setja ekki þar inn atriði sem leynt skulu fara að lögum. Þá er mér jafnframt ljóst að mér er óheimilt að afla upplýsinga um nemendur og forsjármenn þeirra sem eru mér ekki nauðsynlegar starfs míns vegna og ber mér einnig að halda öllum skráningum í rafrænt upplýsinga- og námskerfi Höfðaskóla leyndum fyrir óviðkomandi.

Að lokum er mér ljós ábyrgð mín samkvæmt lögum um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga nr. 90/2018 og geri mér grein fyrir að brot á þagnarskyldu varðar refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ég heiti því að virða þagnarskyldu þá sem lýst er hér að framan. Ég hef lesið og skilið þessa yfirlýsingu og samþykki hana. Þagnarskylda helst þó látið sé af störfum.

Nafn

Kennitala

Netfang